

**R e g l u g j ö r ð**  
fyrir búnaðarskólann á Hvanneyri.

18  
14. febr.

1. grein.

Búnaðarskóli þessi er stofnaður að tilhlutun amtsráðsins í Suðuramtinu og stendur á Hvanneyri í Borgarfjarðarsýslu og nefnist búnaðarskóli Suðuramtsins.

2. grein.

Það er tilgangur skóla þessa í fyrsta lagi að veita ungum mönnum, sjerstaklega úr Suðuramtinu, keunslu í bóklegrri og verklegri búfræði og einnig þá almennu menntun, er mest riður á að hafa, til að geta staðið vel í stöðu sinni hvort sem menn vinna fyrir sjálfa sig eður aðra. Sjerstaklega mun áherzla lögð á verklega æfingu. Í öðru lagi er það takmark þessa skóla að leiða í ljós allt hvað hugsanlegt er að verða mætti að gagni hjer á landi af jarðrækt og búnaðarháttum nágranna þjóða vorra, en sem ekki eða lítt hefir verið enn þá reynt hjá oss.

3. grein.

Til skólans er lagt búnaðarskólagjald Suðuramtsins og vextir af búnaðarskóla-sjóði Suðuramtsins og allur annar opinber styrkur sem veitist búnaðarskóla Suðuramtsins.

4. grein.

Amtsráðið í Suðuramtinu hefir yfirumsjón skólans á hendi, útvegar fje til hans, og ákveður tölu lærisveina með samráði skólastjórans. Sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu kýs 3 menn til 3 ára, sem síðan eru samþykktir af amtsráðinu, til þess að hafa gætur á högum og þörfum skólans og vera þar til staðar, þegar próf eru haldin, og halda með sjer fundi, þegar málefni skólans krefjast þess, og skal þessi nefnd ásamt með skólastjóra ræða öll vandamálefni skólans og búsins og undirbúa þau til amtsráðsfundar.

5. grein.

Skólastjóri skal vera búfræðingur og jafnframt aðalkennari skólans og forstöðumaður búsins. Hann skal kosinn af amtsráðinu. Hann hefir á hendi kosthald nemenda á skólanum og reikningsfærslu skólans og búsins. Af beggja hálfu, amtsráðsins og skólastjórans, getur uppsögn átt sjer stað 6 mánuðum fyrir fardaga ár hvert.

6. grein.

Bónarbrjef um inntöku í skólann skulu sendast fyrir lok desembermánaðar til amtmannsins yfir Suðuramtinu. Amtmaðurinn veitir aðgang að skólanum og tilkynnir veitinguna bæði forstöðumanni skólans og umsækjendum fyrir lok marzmánaðar.

7. grein.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann eru þessi:

1. Að umsækjandinn sje heilsuhraustur og sanni með vottorði sóknarprests síns að hann sje reglusamur og síðsamur.
2. Að hann ekki sje yngri en 18 ára, og ekki eldri en 28 ára.
3. Að hann sje vel lesandi og nokkurn veginn vel skrifandi og kunni að reikna 4 höfuðgreinar í heilum tölum.
4. Að hann sanni með vottorði 2 áreiðanlegra manna að hann hafi nægilegan þroska til sveitavinnu og helzt að hann sje henni vanur.

8. grein.

Skóla-árið telst frá miðjum maí til sama tíma árið eptir. Skólatíminn er 2 ár,

8. dag marzmán. 1890.

18 og skuldbinda lærisveinar sig með því að sækja um að verða teknir á skólann til þess  
14. febr. að vera þar þennan tíma, eða til að endurgjalda ella þann styrk, sem með þeim hefir  
verið lagður, ef þeir án gildra orsaka fara fyrri burtu frá skólanum, eða þeim verður  
að vísa burt úr skólanum; skal þó hverjum nemanda á skólanum, sem vill auka nám  
sitt enn meir, heimilt að vera 3. árið á skólanum og þá einkum við verklegt nám, þó  
án þess að geta vænst nokkurs ölmusustyrks það árið.

## 9. grein.

Ef lærisveinar skólans þykjast verða fyrir einhverjum órjetti, er þeim heimilt  
að kæra það fyrir skólastjórninni, sem þá ræðir þetta mál með sjer og ræður því til  
lykta.

## 10. grein.

Meðan lærisveinar eru á skólanum, eru þeir skyldugir til að taka þátt í öllum  
heimilsstörfum, svo sem alls konar jarðrækt, heyvinnu, húsabyggingum, móskurði, smíð-  
um, laxveiði, aðdráttum o. s. frv. og eiga þeir að vera forstöðumanni og kennendum  
skólans hlýðnir og auðsveipir.

## 11. grein.

Lærisveinar skólans skulu til skiptis vera skyldugir til að taka þátt í skepnu-  
hirðingu, bæði sumar og vetur, þarð gripahirðing er eitt af námsgreinum skólans.  
Þannig skulu þeir vera til skiptis í fjósi, fjárhúsi og hesthúsi. Eigi má samt brúka þá  
til smalamennsku, ef eigi liggur mikið á, og ekki á sjó eða landi til sendiferða meira  
en svarar tveim vikum árlega fyrir hvern lærisvein.

## 12. grein.

Lærisveinar fá hjá forstöðumanni skólans forsvaranlegt fæði, húsnæði, skóledur,  
þjónustu, rúm og ljós; en bækur og ritföng skulu þeir leggja sjer til sjálfir.

## 13. grein.

Lærisveinum er heimilt að yfirgefa skólann í 18 daga um jólin frá 20. desem-  
ber til 6. janúar.

## 14. grein.

Hin verklega kennsla fer fram sumar og vetur; en bóklega kennslan stendur  
yfir einungis frá 1. nóvember til 30. apríl og um þann tíma að frádregnu jólaleyfinu  
skal verja til bóknáms 6 stundum á degi hverjum til jafnaðar. Frá 1. maí til 31.  
október er enginn tími ætlaður til bóknáms, en ekki má ætla lærisveinum lengri  
vinnutíma en 12 stundir vor og haust og 13 stundir um sláttinn á degi hverjum og  
3 til 5 tíma á veturna.

## 15. grein.

Verklega kennslan skal einkum vera fólgin í eptirfylgjandi atriðum:

1. Að læra að brúka jarðyrkjuverkfæri, akverkfæri, mjólkuráhöld o. s. frv.
2. Garðyrkju og maturta-rækt.
3. Ræktun fódurjurta og þúfnasljettun.
4. Meðferð á áburði og brúkun áburðar.
5. Að læra að veita vatni á, og grafa skurði.
6. Að búa til vörzlugarða.
7. Að starfa að heyskap og hinni ýmsu aðferð við heyverkun.

8. Að stunda lax- og silungsveiði og æðarvarp að vorinu til.
9. Að stunda kvikfjárrækt.
10. Að læra land- og hallamælingu verklega.
11. Að læra meðferð á mjólk og tilbúning á osti og smjöri.
12. Að smíða einföld verkfæri og gjöra að verkfærum.

## 16. grein.

Bóklega skal kenna :

1. Ágrip af dýrafræði, grasafræði, steinafræði, efnafræði og edlisfræði.
2. Jarðyrkjufræði yfir höfuð, svo sem : um eðli og samsetningu hinna ýmsu jarðar- tegunda, áburð, framræzlu, vatnsveitingar, meðferð sáðjurta, túnrækt, garðyrkju e. s. frv.
3. Ágrip af húsdýrafræði og um kvikfjárrækt og um helztu sjúkdóma húsdýra og ráð við þeim.
4. Hagfræði í búnaði og að semja búreikninga.
5. Ágrip af mælingafræði og um land- og hallamælingar.
6. Dráttlist, að gjöra uppdrætti af landspildum og verkfærum eptir máli.
7. Reikning, brot, þríliðu, rúmmál, flatarmál.
8. Dönsku, að lesa\* og skilja danskar bækur.

Auk þess skal lesa ágrip af framförum nágranna—þjóða vorra í seinni tíð í búnaðarmálefnum.

## 17. grein.

Próf í hinu bóklega skal halda á hverju vori í miðjum maímánuði, og skal skólastjórnin vera þar til staðar. Burtfararpróf er einnig á vorin í hinu bóklega, að afloknum námstímanum, en undanfarið haust í hinu verklega. Við burtfararpróf skulu vera 2 prófdómendur, er amtmaðurinn í Suðuramtinu kveður til þess.

## 18. grein.

Við burtfararpróf skal gefa sjerstakar einkunnir :

A. Í verklegu :

1. Fyrir plægingar og þúfnasljettun.
2. Fyrir framræzlu og veitugjörð.
3. Fyrir land- og hallamælingu.
4. Fyrir heyvinnu og verkstjórn.
5. Fyrir kvikfjárrækt.
6. Fyrir meðferð á mjólk, osti og smjöri.
7. Fyrir garðyrkju.
8. Fyrir dugnað og reglusemi.

B. Í bóklegu :

1. Fyrir ágrip af náttúrufræði : dýrafræði, grasafræði, steinafræði, edlisfræði og efnafræði.
2. Fyrir jarðyrkjufræði : framræzlu, vatnsveitingar, áburðar-meðferð og túnrækt.
3. Fyrir sömu grein : ræktun sáðjurta og garðyrkju.
4. Fyrir húsdýrafræði og kvikfjárrækt.
5. Fyrir hagfræði og búreikninga.
6. Fyrir reikning.
7. Fyrir mælingafræði.
8. Fyrir dráttlist.

## 19. grein.

Hinar sjerstöku einkunnir eru : ágætlega, dável, vel, laklega, illa og afarilla, og jafngilda 6, 5, 4, 3, 2, 1, en ákveða má einkunnirnar fyrir neðan 6, nánar með brotunum  $\frac{1}{3}$  og  $\frac{2}{3}$ .

Allar hinar sjerstöku einkunnir skal leggja saman og deila með einkunna fjöldanum ; tala sú (reiknuð með 2 desimölum), sem þá kemur fram, sýnir aðaleinkunna, en aðaleinkunnir eru :

18  
14. febr.

ágætlega og þarf til hennar :	5.51	til	6.00
dável — — — — :	4.51	—	5.50
vel — — — — :	3.51	—	4.50
laklega — — — — :	2.51	—	3.50

Nái einhver ekki 2.51 í aðaleinkunn hefir hann ekki staðizt prófið.

## 20. grein.

Hverjum þeim lærisveini, er staðizt hefur burtfararpróf, skal gefa skriflegt burtfararskírteini, og skal í því tilgreina aðaleinkunn þá, sem hann hefir fengið í prófinu, sem og einkunnir þær, sem hann hefir fengið í hvorri einstakri grein. Í burtfararskírteininu skal forstöðumaður gefa einkunn fyrir iðni, en ekki telst sú einkunn með, þegar reiknuð er út aðaleinkunnin. Hann skal einnig lýsa hegðun lærisveinsins. Sá lærisveinn, sem ekki hefir staðizt burtfararpróf eða gengið undir það, á heimtingu á að fá vottorð forstöðumanns um veru sína á skólanum.

## 21.

Forstöðumaður skólans skal árlega semja og senda amtsráði Suðuramtsins skýrslu um skólann, og skýra þar frá ástandi hans, og skal sú skýrsla prentuð að tilhlutun amtsráðsins.

\*

\*

\*

\*

Reglugjörð þessi sem amtsráð Suðuramtsins hefir samið og samþykkt, gildir unz henni með samþykki amtsráðsins verður breytt.

Fyrir hönd amtsráðsins í Suðuramtinu.

Reykjavík 14. febrúar 1890.

E. Th. Jónassen.

19  
22. febr.

## Verðlagsskrá

sem gildir fyrir

## Strandasýslu

frá miðju maímánaðar 1890 til sama tíma 1891.

			Í peningum		Hundrað á		Alin.
			Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
<i>A. Friður peningur.</i>							
1.	1 hndr.	1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fardögum á	109	16	109	16	91
2.	—	6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fardögum ..... hver á	14	29	85	74	71
3.	—	6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... — -	17	85	107	10	89
4.	—	8 — tvævetrir ..... — — — — — -	15	46	123	68	103
5.	—	12 — veturgamlir ... — — — — — -	12	19	146	28	122
6.	—	8 ær geldar ..... — — — — — -	14	66	117	28	98
7.	—	10 — mylkar..... — — — — — -	10	46	104	60	87
8.	—	1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra í fardögum..... á	49	58	49	58	41
9.	—	1½ hryssu, á sama aldri ..... hver -	38	71	51	61	43
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>							
10.	1 hndr.	120 pd. af hvíttri ullu, vel þveginni, pundið á	64	64	76	80	64
11.	—	120 — af mislitri ullu, vel þveginni — -	»	46	55	20	46
12.	—	120 — af smjöri, vel verkuðu..... — -	»	63	75	60	63
13.	—	120 — af tólg, vel bræddri ..... — -	»	36	43	20	36